

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Hólar, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 14. febrúar 2019, tillögu að deiliskipulagi fyrir lóð úr landi Hóla, lóðina Hólar 2. Tillagan tekur til byggingarreits þar sem heimilt verður að byggja íbúðarhús og skemmu. Aðkoma er frá Þingskálavegi um land Hóla. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Svínhagi SH-16, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 14. febrúar 2019, tillögu að deiliskipulagi fyrir lóð úr landi Svínhaga, lóðina Svínhagi SH-16. Tillagan tekur til byggingarreita þar sem heimilt verður að byggja gistiskála ásamt tilheyrandi þjónustuhúsi. Aðkoma er frá Þingskálavegi. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 22. janúar 2020.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 6. febrúar 2020